

Mikilvægar upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsmenn

Sjúklingurinn er á meðferð með KEYTRUDA (pembrolizumab) sem getur valdið ónæmismíðluðum aukaverkunum. Þær geta komið fram hvenær sem er meðan á meðferð stendur eða jafnvel eftir að meðferð er lokið. Sjúklinginn á að meta með tilliti til einkenna ónæmismíðlaðra aukaverkana. Brýnt er að greina ónæmismíðlaðar aukaverkanir snemma og meðhöndla þær á viðeigandi hátt, til að lágmarka afleiðingar þeirra.

Ef grunur er um ónæmismíðlaðar aukaverkanir skal gera fullnægjandi mat til að staðfesta orsakir og tryggja að aðrar ástæður séu útilokaðar. Byggt á alvarleika aukaverkunarinnar á að fresta gjöf KEYTRUDA og gefa barkstera. Sérstakar leiðbeiningar um meðferð ónæmismíðlaðra aukaverkana er að finna í samantekt á eiginleikum (SmPC) KEYTRUDA.

Gagnlegt getur verið að ráðfæra sig við krabbameinslækni eða aðra sérfræðinga varðandi meðhöndlun ónæmismíðlaðra aukaverkana sem bundnar eru einstökum líffærum.

Leitið upplýsinga í samantekt á eiginleikum
KEYTRUDA:
www.serlyfjaskra.is



Copyright © 2023 Merck & Co., Inc., Rahway, NJ, USA. All rights reserved.



Útg. 07_11/2023 - Samþykkt af Lyfjastofnun í október 2023

KEYTRUDA (pembrolizumab)

Getur valdið alvarlegum aukaverkunum sem geta stundum orðið lífshættulegar og leitt til dauða. Þessar aukaverkanir geta komið fram hvenær sem er meðan á meðferð stendur eða jafnvel eftir að meðferð er lokið. Fleiri en ein aukaverkun getur komið fram á sama tíma.

Hafðu tafarlaust samband við lækinn ef einhver einkenni koma fram, jafnvel þó þau séu ekki talin upp í þessu korti. Hugsanlega gefur læknirinn þér önnur lyf til þess að koma í veg fyrir enn alvarlegri fylgikvilla og til að draga úr einkennum. Læknirinn gæti frestað næsta skammti af KEYTRUDA eða stöðvað meðferð með KEYTRUDA.

KEYTRUDA
(pembrolizumab)

Sjúklingakort

Fyllist út af lækni/heilbrigðisstarfsmanni

Nafn sjúklings

Heimasími og farsími sjúklings

Í neyðartilvikum (nafn og símanúmer)

Til að fá frekari upplýsingar,
sjá fylgiseðil fyrir KEYTRUDA:
www.serlyfjaskra.is.

MIKILVÆGT

- Ekki reyna að meðhöndla auka-
verkanir sjálf/sjálfur.
- Ekki hætta meðferðinni með
KEYTRUDA nema hafa rætt það
við lækinn.
- **Hafðu kortið ávallt með-
ferðis**, einkum á ferðalögum,
þegar farið er á bráðamóttöku
eða til annars læknis.

Mundu að tilkynna þeim heilbrigðis-
starfsmönnum sem þú leitar til að
þú sért á meðferð með KEYTRUDA
og sýndu þeim þetta kort.

Lungu

- Mæði
- Brjóstverkur
- Hósti

Parmar

- Niðurgangur eða tíðari hægðir
en venjulega
- Svartar, tjörulíkar, límkenndar
hægðir eða blóðugar eða slímugar
- Verulegir kviðverkir eða eymsli í kvið
- Ógleði eða uppköst

Lifur

- Ógleði eða uppköst
- Minnkuð svengdartilfinning
- Verkur hægra megin í kvið
- Gul húð eða augnhvíta
- Dökkur þvag
- Blæðing eða mar af minna
tílefni en venjulega

Nýru

- Breytingar á magni eða lit þvags

Kirtlar sem framleiða hormón

- Hraður hjartsláttur
- Þyngdartap eða
þyngdaraukning
- Aukin svitamyndun
- Hárlos
- Kuldatilfinning
- Hægðatregða
- Dýpri rödd
- Vöðvaverkir
- Sundl eða yfirlið
- Þrálátur höfuðverkur eða
óvenjulegur höfuðverkur

Sykursýki af tegund 1 , þ.m.t. ketón- blóðsýring af völdum sykursýki

- Aukin svengdar- eða
þorstatilfinning

- Aukin þvaglátspörf
- Þyngdartap
- Þreytilfinning eða ógleði
- Kviðverkir
- Hröð og djúp öndun
- Rugl
- Óvanaleg syfja
- Sæt lykt af andardrætti
- Sætt eða málmkennt bragð í munni
- Breytt lykt af þvagi eða svita

- Látið lækinn vita um allar auka-
verkanir. Þetta gildir einnig um
aukaverkanir sem ekki er minnst á
í fylgiseðlinum. Einnig er hægt að
tilkynna aukaverkanir beint til Lyfja-
stofnunar, www.lyfjastofnun.is.
- Með því að tilkynna aukaverkanir
er hægt að hjálpa til við að auka
upplýsingar um öryggi lyfsins.

KEYTRUDA (pembrolizumab)

Mikilvægar samskiptaupplýsingar

Fyllist út af lækni/heilbrigðisstarfsmanni

Nafn læknis

Vinnusími læknis

Sími læknis utan vinnutíma
